

Efnahagsreikningur 31. desember 1996.

Eignir:	Kr.
Sjóður	4.178.047
Bankainnstæður	40.847.096
Ógreidd innheimtuþóknun	3.589.413
Óinnheimtar kröfur	5.964.359.579
Sveitarfélög	0
Kröfur á fyrirtæki	26.930.901
Fyrirfram greiddur kostnaður	307.000
	<u>6.040.212.036</u>

Skuldir og eigið fé:

Ógreiddur kostnaður	7.708
Skuldabréf vegna fasteignakaupa	5.510.687
Tryggingastofnun ríkisins	154.183.270
Sveitarfélög	0
Erlendar innheimtur	527.630
Félagsmálaráðuneytið	<u>7.564.300</u>
	167.793.595
Framlag jöfnunarsjóðs	3.516.725.811
Dráttarvextir óinnheimtir	1.281.734.323
Lögtakskostnaður óinnheimtur	44.601.929
Annað eigið fé	<u>1.029.356.378</u>
	<u>6.040.212.036</u>

Reykjavík, 17. febrúar 1997.

Í stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga.
Sigurgeir Sigurðsson. **Húnbogi Þorsteinsson.**
Snorri Björn Sigurðsson. **Árni Guðjónsson.**

13. júní 1997

Nr. 361

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð um biskupskosningu, nr. 151 12. mars 1981.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr.:

a. 1. tölul. orðist svo:

1. Biskup Íslands, þjónandi vígslubiskupar, sóknarprestar og prófastar, svo og aðstoðarprestar og sérþjónustuprestar ráðnir af ráðherra, kennarar guðfræðideildar Háskóla Íslands sem eru í föstum embættum eða störfum (prófessorar, dósentar, lektorar) og rektor Skálholtsskóla, enda séu þeir guðfræðikandidatar, svo og biskupsritari og aðrir starfsmenn biskupsstofu í föstu starfi með sama skilorði, aðstoðarprestar ráðnir af sóknarnefndum og prestar sem ráðnir eru af stjórn sjúkrastofnana eða sveitarfélögum til prestsþjónustu þar og lúta yfirstjórn kirkjulegra stjórnvalda í kirkjulegum efnunum, enda gegni þeir því starfi sem aðalstarfi, og prestvígðir menn sem ráðnir eru til

sérstakra starfa innan þjóðkirkjunnar á vegum biskups og kirkjuráðs, enda taki þeir full árslauð úr Kristnisjóði eða Kirkjumálasjóði.

b. 3. tölul. orðist svo:

3. Ennfremur leikmaður fyrir hvert prófastsdæmi, kjörinn af leikmönnum, sem sæti eiga á héraðsfundi, til fjögurra ára í senn, og skulu varamenn einnig kjörnir á sama hátt.

2. gr.

2. og 3. mgr. 5. gr. orðist svo:

Prófastur stýrir kosningunni. Skal hún vera skrifleg og leynileg. Hver leikmaður skal rita eitt nafn á kjörseðil. Rétt kjörinn sem aðalmaður er sá sem flest atkvæði hlýtur. Nú hljóta tveir eða fleiri sama atkvæðamagn, og skal þá hlutkesti ráða úrslitum.

Kjör varamanns fer fram með sama hætti.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 7. gr. laga um biskupskosningu, nr. 96 31. desember 1980, sbr. lög nr. 91 22. maí 1997, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 13. júní 1997.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Hjalti Zóphóníasson.

Nr. 362

REIKNINGUR

Þjóðhátíðarsjóðs fyrir árið 1996.

Rekstrarreikningur ársins 1996.

	<i>Skýringar</i>	<i>Kr.</i>
Tekjur:		
Vegna sölu forsetamyntar 1996		<u>300.000</u>
Tekjur alls		300.000
Gjöld:		
Fjöldi umsókna	2	5.000.000
Niðurfelling styrkja		(140.000)
Ýmis kostnaður		<u>233.193</u>
		5.093.193
Fjármunatekjur - fjármunagjöld:		
Vaxtatekjur	3	1.476.526
Sala spariskírteina	4	4.810.519
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga	1	<u>(1.019.572)</u>
Fjármagnstekjur nettó		<u>5.267.473</u>
Tekjur umfram gjöld (Tap)		<u><u>474.280</u></u>